

## Skólaráðsfundur 18. Mars 2026

Mætt eru: Guðmundur Kári Þorgrímsson skólastjóri, Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi kennara og ritari, Jóhanna Lind Brynjólfsdóttir fulltrúi starfsfólks leikskóla, Íris Dröfn Brynjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Stefanía Anna Vilhjálmsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna, Dagný Lára Mikaelisdóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Forföll boðuðu: Katrín Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Aðalheiður Rós Unnsteinsdóttir og Daldís Ronja Líndal Jensdóttir fulltrúar nemenda .

Fundur er heldinn í heimilisfræðistofu og hófst hann kl. 13:30.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Námsvísir

- a. [Smelltu hér](#) til að sjá námsvísi leikskólans
- b. [Smelltu hér](#) til að sjá námsvísi grunnskólans

Skólastjóri fer stuttlega yfir námsvísa leik- og grunnskóla. Námsvísir er aðgengilegur og auðlesinn eins og hann er. Rætt um að gott væri að minna á námsvísi í vikupósti umsjónarkennara fyrir upphaf hverrar lotu.

#### 2. **Innlit í kennslustundir:** skimun á notkun bekkjarstjórnunaraðferða

Skólastjóri vinnur að því að geta litið inn í kennslustundir, eftir páska, með skipulögðum hætti, með það í huga að geta veitt kennurum endurgjöf og ráðgjöf eftir þörfum.

#### 3. **Skóladagatal**

Skólastjóri fer yfir skóladagatöl næsta skólaárs. Umræður um athugasemdir sem fram koma. Meðal annars velt upp spurningum um vetrarfrí og hver þörfin er á því að hafa vetrarfrí í grunnskólanum.

#### 4. **Könnun til foreldra um foreldrasamstarf og bekkjarstjórnun**

Skólastjóri fer yfir helstu niðurstöður könnunar.

#### 5. **Nemendaping**

Stefnt er á að halda nemendaping en ekki er komin dagsetning á það. Fyrirkomulag rætt.

## **6. Niðurstöður skólapúlsins**

Skólastjóri fer yfir helstu niðurstöður síðasta árs. Þær eru svipaðar landsmeðaltali í flestum þáttum. Á fundinum var sérstaklega litið til matsþáttarins *tíðni eineltis* og þær niðurstöður ræddar. Skólastjóri segir frá stop-walk-talk viðbrögðum sem kynnt verður fyrir umsjónarkennurum.

## **7. Skipulag starfsþróunarsamtala.**

Skólastjóri fór stuttlega yfir viðtalsramma starfsþróunarsamtala, þau fara fram á vorönn.

## **8. Skólanámskrá í vinnslu.**

Skólastjóri fer stuttlega yfir drög að skólanámskrá. Uppfærsla á skólanámskrá er í vinnslu. Umfæður um foreldrasamtöl í tónlistarskóla. Almenn ánægja er með þau og mikilvægt er að festa þau í sessi.

## **9. Helstu umbætur vetrarins**

Rætt um foreldrasamstarf og innleiðingu á hegðunarvæntingum. Skólastjóri fer yfir það sem hefur verið unnið með og kynnir næstu skref. Skólaráð tekur jákvætt í þetta. Skólastjóri mun í framhaldinu vera í sambandi við foreldrafélagið til að auka enn á samstarf heimilis og skóla.

- a. [Smelltu hér](#) til að sjá handbók foreldra
- b. [Smelltu hér](#) til að sjá hegðunarvæntingar

## **10. Fulltrúi grenndarsamfélags**

Skólaráð leggur til að Kristján Elvar Meldal taki sæti í skólaráði sem fulltrúi grenndarsamfélags. Telur skólaráð að hann hafi þá burði, þekkingu og áhuga sem þarf til að sitja í ráði þessu. Skólastjóri mun hafa samband við hann.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50.